

AUGLÝSING

um samninga við Eistland um afnám vegabréfsáritana og um endurviðtöku.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Tallinn 11. og 29. apríl 1997 var gengið frá samningi milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Eistlands um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Á sama tíma var með orðsendingaskiptum gengið frá samningi milli sömu aðila um endurviðtöku manna. Samningarnir öðluðust gildi 1. maí 1997.

Samningarnir liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1997.

Haldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.